

## **Fundargerð:**

# Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 3. fundar þann 7. nóvember 2025 í fjarfundi á Teams.

## **Fundinn sátu:**

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Fundur var settur kl. 10:10.

## **Dagskrá:**

### **1. Dagsetning og fyrirkomulag íbúafunda**

Rætt um tímalínu verkefnisins sem miðast við að kosin verði sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi í maí 2026.

Ákveðið að íbúafundir verði haldnir á staðnum á hvorum stað fyrir sig og boðið upp á streymi. Lagt verði upp með að bjóða upp á bæði kynningu og íbúasamráð bæði á staðfundi og á teams-fundi.

Lagt til að íbúafundir verði haldnir þann 25. nóvember kl. 19:00 í Kaldrananeshreppi og þann 26. nóvember kl. 14:00 í Árneshreppi.

Lagt til að í upphafi íbúafunda verði upplýst um sameiningarferlið og tímalínu viðræðnanna. Þá verði stutt kynning á stöðu sveitarfélaganna og í framhaldi verði boðið upp á samráð við íbúa í formi hópavinnu. Sérstaklega þarf að kynna stöðuna varðandi þá hagsmuni sem fulltrúar vilja verja varðandi þær eignir sveitarfélaganna sem hafa verið til umræðu á fyrri fundum.

Ráðgjafar leggja fram tillögu að kynningu og verkefnum fyrir vinnustofu á næsta fundi.

Áhersla á umræðu um:

- Stöðugreiningu
- Hagsmunagæsla; staða og horfur.
- Hugmyndir um sjálfseignarstofnun í Kaldrananeshreppi.
- Tillögur um heimastjórn Árneshrepps og heimildir til ráðstöfunar eigna á svæðinu.

Hildur gerir drög að auglýsingu fyrir íbúafundina. Ráðgjafar KPMG senda henni drög að dagskrá að afloknum fundi.

## **2. Útfærsla ákvæða um heimastjórnir**

Jón Hrói kynnti mögulega útfærslu heimastjórnar í sameinuðu sveitarfélagi og heimildir til valdframsals til heimastjórnar varðandi fasteignir sveitarfélagsins á svæðinu. Sérstaklega þarf að skoða möguleika á að ákvarða húsaleigu.

## **3. Þóknun til nefndarmanna fyrir setu í verkefnisstjórn**

Rætt um þóknun með hliðsjón af nefndarlaunum í nokkrum sveitarfélögum. Lagt til að þóknun fyrir hvern fund verði 6% af grunnlaunum í launaflokki 122, 4. þrepi, í kjarasamningi Kjalar Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú kr. 31.697,-. Lagt er til að þóknunin verði sú sama fyrir alla nefndarmenn.

## **4. Drög að skilabréfi verkefnisstjórnar**

Lögð fram drög að skilabréfi. Umræðu frestað til næsta fundar.

## **5. Staða verkefna**

Jón Hrói fór yfir stöðu varðandi gagnaöflun og uppsetningu á forsenduskjali. Einnig rætt um stöðu mála varðandi könnun á möguleikum á stofnun sjálfseignarstofnana um eignir sveitarfélaganna.

Næsti fundur samstarfsnefndar verður boðaður 14. nóvember nk. klukkan 10.

Fundi var slitið kl. 11:40.